

AUGLÝSING

212

31. des.

um notkun heimildar laga frá 24. des. 1951, um að fella niður verðtoll af kornvörum og lækka tolla af sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga frá 24. des. 1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að á árinu 1952 skuli:

1. Fella niður verðtoll af:
 - a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
 - b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
 - c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
 2. Lækka um helming tolla af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.
- Eigi skal heimta verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING

213

31. des.

um breyting á reglugerð nr. 167 21. des 1946 um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. janúar 1952 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slysaþættu vera sem hér segir:

1. áhættuflokkur	120	aurar á viku.
2.	—	180	— — —
3.	—	240	— — —
4.	—	360	— — —
5.	—	600	— — —
6.	—	700	— — —
7.	—	800	— — —
8.	—	900	— — —
9.	—	1200	— — —
10.	—	1500	— — —

6. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 150 aurar“ komi: vikugjald 120 aurar.
 7. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 200 aurar“ komi: vikugjald 180 aurar.
 8. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 240 aurar.
 9. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 360 aurar.
 10. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 500 aurar“ komi: vikugjald 600 aurar.
 11. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 600 aurar“ komi: vikugjald 700 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á reglugerð nr. 167 1946, sem birtar voru með auglýsingum nr. 205 28. des. 1949 og nr. 1 3. jan. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.